

Viðbótarþjónusta – Pakkar innanlands

Brothætt

Hægt er að senda brothætta pakka innanlands gegn ákveðnu gjaldi. Mikilvægt er að velja þessa þjónustu fyrir pakka sem eru viðkvæmir og hljóta þá sérstaka meðhöndlun. Velja þarf umbúðir í samræmi við innihald. Brothætta pakka verður að merkja með sérstökum miða.



Póstkrafa innanlands

Póstkrafa innanlands er þjónusta þar sem hægt er að láta viðtakanda greiða fyrir innihald eða aðra þjónustu við afhendingu sendingar. Efst á framhlið sendingarinnar skal sendandi rita orðið „Póstkrafa“ ásamt upphæð póströfunnar. Útstrikanir eða yfirstrikanir á upphæð eru ekki leyfðar. Líma skal á sendinguna appelsínugulan, þríhyrndan miða. Sérhverri póströfusendingu skal fylgja póströfueyðublað. Á meðan póströfusending er í vörslu póstrekinga getur sendandi beðið skriflega um að sendingin sé afhent viðtakanda án greiðslu eða gegn greiðslu annarrar upphæðar en á sendingunni stendur. Póströfur skulu innleystar innan 30 daga frá komu þeirra á pósthús en sendandi getur skriflega gefið allt að 30 daga frest. Póströfur skulu skráðar við móttöku á pósthúsi, einnig við afhendingu þeirra eða endursendingu.

Póströfur eru greiddar inn á bankareikning sendanda innan 3ja virkra daga frá innlausn póströfu.



Afhending póströfu:

Póstkrafa er afhent á ákvörðunarstað gegn greiðslu póströfuupphæðarinnar.

Hámarksupphæð póströfu:

Engin hámarksupphæð er á upphæð póströfu.

Greiðslumöguleikar:

Viðtakandi getur greitt póströfu við móttöku sendingar, hvort heldur er á pósthúsi eða í útkeyrslu.

Viðtakandi greiðir burðargjald

Mögulegt er að senda pakka innanlands og láta viðtakanda greiða flutningskostnað gegn gjaldi. Ef viðtakandi neitar að greiða flutningskostnað er pakinn endursendur og ber þá sendanda að greiða flutningskostnað.



Afhendist skráðum viðtakanda

Pakkar eru afhentir hverjum þeim sem er á viðtökustað. Hægt er að fá þjónustu þar sem einungis skráðum viðtakanda er afhentur pakinn. Slíka pakka verður að merkja með sérstökum miða.

Sendingar með þessari þjónustu eru eingöngu afhentar skráðum viðtakanda gegn framvísun skilríkja með mynd eða umboðsmanni hans skv. skriflegu umboði og framvísun skilríkja. Einnig verða að vera tveir vottar á umboði. Skriflegt umboð gildir í eitt ár nema annað sé tekið fram. Sá sem er skráður fyrir umboði verður að hafa náð 15 ára aldri. Foreldrar barna yngri en 18 ára eru sjálfkrafa umboðsmenn þeirra.





Starfsmaður í framlínu fyrirtækis, t.d. í móttöku eða á skiptiborði, hefur umboð til að taka við öllum rekjanlegum bréfum þar sem fyrirtækið er skráður viðtakandi. Ekki er nauðsynlegt að biðja um skilríki. Ávallt skal kvittað fyrir móttöku.

Sendingar sem vitað er til að innihaldi skotvopn eða áfengi skal senda sem „afhendist eingöngu skráðum viðtakanda“. Það er á ábyrgð sendanda að upplýsa Póstinn um innihaldið og að ofangreind þjónusta sé valin. Skráður viðtakandi skal vera orðinn tvítugur til að leyfilegt sé að afhenda honum sendinguna.

Forgangspjónusta (Exprés)

Hægt er að senda pakka í forgangspjónustu og njóta þeir þá forgangs í útkeyrslu. Á þeim stöðum sem Pósturinn hefur ekki byggt upp heimaksturskerfi er pökkum sem sendir eru með forgangspjónustu og eru á bilinu 0-30 kg, ekið heim til viðtakanda. Slíka pakka verður að merkja með sérstökum miða.

